

Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Flügger ehf staðfestir hér með þær upplýsingar sem settar eru fram í skýrslu um grænt bókhald. Tölulegar upplýsingar eru ýmist birtar sem rauntölur eða sem vísitölur með árið 2003 sem grunnár.

Starfsemin var með eðlilegum hætti árið 2007 og engin sérstök frávik eða óhöpp urðu sem snerta umhverfismál fyrirtækisins. Fylgst var með því að mengunarbúnaður starfaði með eðlilegum hætti og fylgt var eftir reglum um öryggi og aðbúnað starfsmanna. Vegna breytinga á framleiðsluferli dróst notkun merkingarskyldra efna verulega saman eins og fram kemur í lykiltölum.

Í desember 2007 var allri framleiðslu Flügger á Íslandi hætt og hún flutt til Svíþjóðar og Danmerkur. Þannig er þessi skýrsla um grænt bókhald sú síðasta að sinni.

Reykjavík, 30.apríl 2008


Vigfús Gíslason
Framkvæmdastjóri

Almennar upplýsingar

Starfsleyfishafi:	Flügger ehf, Stórhöfða 44, 110 Reykjavík
Útgefandi starfsleyfis:	Umhverfisstofnun
Eftirlitsaðili með starfsleyfi:	Umhverfisstofnun
Númer fyrirtækjaflokks:	4.8.
Stjórn félagsins, frá 24.5.2007:	Helgi Magnússon, Formaður stjórnar 140149-4119 Paul Wulff Meðstjórnandi 250646-2169 Søren Peschardt Olesen, Meðstjórnandi 210567-2839 Villy Thomsen Jessen Meðstjórnandi 290556-2289
Framkvæmdastjóri:	Søren Peschardt Olesen 210567-2839
Prókúruumboð:	Vigfús Gíslason 060657-3009 Villy Thomsen Jessen 290556-2289 Søren Peschardt Olesen 210567-2839
Tímabil sem þessi skýrsla nær yfir er:	1.1.07 - 31.12.07
Gildistími starfsleyfis:	Til 1. Febrúar 2016

Skráning upplýsinga

Upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun og frálág eru sóttar á eftirfarandi hátt:

Raforka:	Samantekt úr reikningum Orkuveitu Reykjavíkur
Heitt og kalt vatn:	Eigin aflestrar af rennslismælum, tölur eru stemmdar af við reikninga.
Hráefni:	Samantekt úr framleiðslubókhalda fyrirtækisins
Úrgangur og spilliefni:	Tekið beint úr yfirlitsreikningum viðtakenda (þ.e. Sorpu, Furu osfrv.)
Frárennsli og svifryk:	Byggt á mælingum.
Losun leysiefna:	Byggt á framleiðslubókhalda og áætlunum.

Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum

Í skýrslu um grænt bókhald fyrir Flügger ehf. eru birtar tölur yfir þá þætti í starfseminni sem valda hvað mestum umhverfisáhrifum af starfseminni og þá þætti sem geta haft í för með sér mengunarhættu, sé ekki staðið vel að mengunarvörnum. Gerð er sérstaklega grein fyrir þeim hér að neðan.

Við mat á helstu umhverfisþáttum er tekið tillit til eðli og umfangs fyrirtækisins. Sérstök áhersla er lögð á annars vegar ílag og frálág sem eru í miklu magni og hins vegar á þá þætti sem geta haft sérstaka hættu í för með sér. Helstu umhverfisþættir eru orkunotkun, vatnsnotkun, notkun hráefna, úrgangur, spilliefni og hættuleg efni í framleiðsluefnum og vörum. Helsta mengunarhættan stafar af uppgufun leysiefna, svifryki og efnun í frárennsli.

Mengunarhætta og mengunarvarnir

Mesta mengunarhættan stafar af leysiefnum sem notuð eru í framleiðsluna. Hér er um margvísleg efni að ræða, mishættuleg heilsu manna. Flestum er það sameiginlegt að vera eldfim, svo að einnig út frá þeirri staðreynd er nauðsynlegt að umgangast þau með gát. Reynt er að halda magni þessara efna í lágmarki innanhúss. Þau eru geymd úti í birgðaporti eða í neðanjarðar tankþró og eru þau

sótt (tunnur) eða dælt (geymar) inn eftir þörfum. Helstu mengunarvarnir í verksmiðju gegn uppgufun eru:

- a) Hver starfsmaður hefur sína leysiefnagrímu.
- b) Öllum vinnslulátum er haldið eins lokuðum og hægt er.
- c) Öflugt loftsgöng er við hvern vinnslustað.

Frá október 2005 má segja að þessi mengunarhætta heyri sögunni til, því að þá var hætt að framleiða leysiefnabýntar tegundir í verksmiðjunni og í framtíðinni verða einungis framleiddar vatnsþynntar tegundir.

Önnur orsök mengunar í verksmiðjunni er duftryk, sem einkum myndast þar sem tæmt er úr pokum í vélar. Hér er beitt þeim vörnum að frásög er frá blöndunarvélum og fer það um öfluga rykskilju sem er hreinsuð með reglulegu millibili. Auk þess bera starfsmenn rykgrímur þegar þörf krefur.

Loftræstikerfi hússins er öflugt og annar loftskiptum 5 - 6 sinnum á klst. Hægt er að beina því þangað sem þörf er hverju sinni. Eru afsogsstútar alls staðar þar sem mest er þörf, svo sem við blöndunarvélar, yfir og við áfyllingarvélar og þar sem hreinsun potta fer fram. Útblástur frá sogkerfi verksmiðjunnar er ekki hreinsaður sérstaklega. Verulegur hluti rykmengunar er sogaður beint frá vinnslupottum og er safnað í rykskilju.

Allt frárennsli frá verksmiðju fer um tvískipta neðanjarðarsetþró áður en það fer út í fráveitukerfi borgarinnar. Hér er helst um þvottavatn frá framleiðslu vatnsþynnanlegra málningar að ræða og sýna niðurstöður eigin mælinga á fastefnisinnihaldi að það liggur á bilinu 0,1 – 1%. Mælingar spanna allan þann tíma sem verksmiðjan hefur verið starfrækt við Stórhöfða, 18 ár. Öllum leysiefnamenguðum leifum er safnað saman á tunnur sem komið er til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Helsta úrgangur sem til fellur má flokka þannig


- a) Vatnsþynntur úrgangur sem fer um setþró. Setþró er tæmd tvisvar til fjórum sinnum á ári. Fer sá úrgangur til urðunar.
- b) Terpentina og önnur leysiefni með leifum af bindiefnum sem komið er í tunnum til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- c) Umbúðir falla til í talsverðu magni og eru þessar helstar:
 - Stáltunnur eru að hluta til notaðar aftur sem umbúðir, en annað fer í endurvinnslu.
 - Plasttunnur og plasttankar eru að langmestu leyti endurnýttir eða seldir. Annað fer til förgunaraðila.
 - Trébretti eru endurnýtt eftir því sem hægt er. Ónýt bretti og pappaubúðir fara til förgunaraðila.

Gæða- og umhverfismarkmið Flügger ehf.

1. grein. Starfsemi fyrirtækisins skal ætíð hagað þann veg, að sem minnst álag verði af henni, bæði á nágranna og umhverfi. Fylgt skal í hvívetna lögum og reglugerðum er lúta að starfseminni.
2. grein. Séð skal til að starfsmenn fyrirtækisins séu vel upplýstir um þær hættur sem þeim kann að stafa af efnum og vinnsluaðferðum. Skulu vera til staðar hvers kyns hlífur sem nauðsynlegar teljast (t.d. öndunargrímur, hlífðarhanskar og augnhlífur).
3. grein. Hvergi skal slakað á gæðaeftirliti og stefnt að sem mestri nákvæmni við framleiðsluna. Vanda skal allar merkingar framleiðslutegunda og séð um að nákvæmar upplýsingar séu tiltækar notendum.
4. grein. Beina skal innkaupum til viðurkenndra eða vottaðra birgja.
5. grein. Við þróun vörutegunda skal af fremsta megni reynt að sneiða hjá hættulegum, merkingarskyldum efnum svo sem leysiefnum og hættulegum þungmálum.
6. grein. Við sölu framleiðslunnar skal benda viðskiptavinum á vistvænni og hættuminni vörur séu þær fyrir hendi.
7. grein. Reynt verði eftir öllum leiðum að auka nýtingu hráefna við framleiðslu, og minnka rýrnun í sölu. Einnig haft vakandi auga með kostum sem dregið geta úr myndun spilliefna og úrgangs.

Reykjavík 30.4.2008

Vigfús Gíslason, framkvæmdastjóri



Atli Ásbergsson, framleiðslustjóri



Staðfesting endurskoðanda

Undirrituð staðfestir að hafa endurskoðað skýrslu Flügger ehf. um grænt bókhald samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Reykjavík, 30. apríl 2008



Bryndís Skúladóttir
Efnaverkfræðingur

Lykiltölur 2007

Magntölur		
Raforka	168202	kwst
Heitt vatn	10430	tonn
Kalt vatn	904	tonn
Úrgangur	57,5	tonn
Þurrefni í frárennsli	2,4	tonn
Magn ryks úr duftskilju	185	kg
Losun leysiefna	273	kg
Svifryk	8	kg

Hráefni sem eru flokkuð hættuleg skv. rg 236/1990

Vísitölur 2003: 100

	Vísitala	
	2007	(Magn / framleiðslueiningu)
Bindiefni, litarpastar	0,6	
Rotvarnar-, sæfiefni ofl.	75,0	
Leysiefni	4,8	
Duft	0,0	
Ýmis hjálparefni	18,0	

Úrgangur - nánari sundurliðun

Magntölur	
Smáílát <200 lítra	
ódælanl.	94
Smáílát <25 lítra	3877
Málning allar stærðir íláta	9343
Eftirlitssk.úrg.	
Ódælanleg.	1526
Blandaður úrgangur	700
Timbur	4830
Set og vatn úr setþró	0
Úrgangur, bagganlegur	34120
Úrgangur, grófur	1010
Úrgangur, málmar	2030

Heild(kg.):